


Áfangi: VÉL201G – Tölvuteikning og framsetning
Heiti: Verkefni 2
Afhent: 02. janúar 2019
Skil: 24. janúar 2019

Ath!
Öll dæmi gilda jafnt

1. Prófdæmi 2018 (15%)

Teiknið upp eftirfarandi mynd. Veljið, notið og gefið upp viðeigandi kvarða. Sýnið aðferðafræðina – skiljið því eftir allar hjálparlínur og útskýrið aðferð ef ykkur finnst þörf á því.



Athugið að setja upplýsingar í teiknirammann.



Handteiknið lausnirnar á eftirfarandi verkefni. Prentið út A4 ramma og handteiknið lausnina á blaðið og fyllið út í teikningahausinn – það á alltaf að fylla út í hann! Leysið þetta eins og þið væruð í prófi:

Hjálpargögn leyfð: Reiknivél og teikniáhöld.

Sýnið alltaf hjálpar- og vörpunarlínur. Merkið vörpunarplön, línur og enda þeirra. Skerpið á aðallínum með dekkra blýi. Frágangur hefur áhrif á einkunn.

2. Prófdæmi 2013 (12%)

Gefnar eru 3 línur með lengdirnar 60mm, 75mm og 35mm. Ykkar verkefni er að:

- a) 3% Teikna þríhyrning sem samanstendur af þessum þremur línur.
- b) 3% Teikna hring í gengnum hornpunktana, hvert er þvermál hringsins?
- c) 3% Teikna átthyrning utan um hringinn þannig að allar hliðar snerta hringinn, hver er hliðarlengdin?
- d) 3% Útskýra í máli og myndum sambandið milli blaðstærðanna A0 og A6